

Garðabæ, 7.10.2021

Bæjarráð Garðabæjar

b.t. Kára Jónssonar íþróttafulltrúa og Guðjóns E. Friðrikssonar bæjarritara

Garðatorgi 7

210 Garðabær

Efni: Beiðni í framhaldi af samtali við íþróttafulltrúa um áherslur í aðstöðumálum íþróttamannvirkja Garðabæjar

Ágæta bæjarráð.

Í byrjun september fundaði undirrituð með íþróttafulltrúa Garðabæjar um áherslur í aðstöðu- og búnaðarmálum íþróttamannvirkja Garðabæjar, vegna fjárhagsáætlunar 2022. Samtalið var jákvætt og gott að mati undirritaðar og var samhljómur á milli áherslna sem Stjarnan hefur og íþróttafulltrúa Garðabæjar.

Í dag er Stjarnan orðin fjölmennasta íþróttafélag landsins og ljóst að félagið er að vaxa samhliða stækkun bæjarfélagsins. Stjarnan leggur mikla áherslu á að geta mætt þeim vexti en ljóst er að félagið er að sprengja af sér þá húsakosti sem starf félagsins fer fram í. Hefur aukning iðkenda einnig áhrif á notkun búnaðar og aðstöðu þar sem við verðum vör við meira slit á tækjum og þörf á auknu viðhaldi á aðstöðu og búnaði.

Í samtali okkar við íþróttafulltrúa vildi Stjarnan því sérstaklega leggja áherslu á endurnýjun eftirfarandi þátta:

### 1. Tækjabúnaður í fimleikasal.

Mikið af þeim búnaði sem keyptur var þegar húsið var byggt er kominn á tíma og stenst ekki öryggis staðla lengur þar sem ráðlagður líftími þeirra er liðinn frá framleiðanda. Það fjármagn sem sett hefur verið í endurnýjun á áhöldum undanfarin ár hefur ekki verið nægilegt og ekki í samræmi við það fjármagn sem fimleikafélög í nærumhverfi okkar hafa til að standast nauðsynlega endurnýjun og öryggis staðla áhalda. Dæmi um þetta má nefna að íþróttafulltrúi hefur ekki fengið nægilegt fjármagn til að endurnýja áhöld, öryggispúða og gryfju í salnum fyrr en eftir að alvarleg slys áttu sér stað sem valdið hafa meðal annars, skurði í andliti og hælbroti svo fátt eitt sé nefnt.

### 2. Endurnýjun á parketi í TM höllinni og Bláa salnum í Ásgarði.

Um 20 ár eru í dag frá því að TM höllin var byggð og gólfið sinnt sínu hlutverki fram til þessa. Í dag er hinsvegar ljóst að líftími gólfsins er liðinn þar sem ítrekað er að koma upp að leikmenn fara í gegnum gólffjalirnar og viðgerðum með tilfallandi kostnaði aukist. Dæmi um þetta átti sér stað í leik meistaraflokks karla á síðasta tímabili þar sem einn léttasti leikmaður liðsins tekur stökk úr horninu og lendir inni í teignum með þeim afleiðingum að olnbogi hans fer í gegnum gólffjölinu.

Í Bláa salnum í Ásgarði er gólf dúkur sem í dag stenst ekki þá staðla sem KKÍ og körfuknattleiksdeildin vill setur sem keppniskröfur í leikjum unglinga. Fjöðrun í gólfinu er ekki nægileg og dúkur í stað parkets sem veldur því að dripplið á boltanum er ekki það sama. Ef nýtt gólf væri sett á bláa salinn væri hægt að keyra keppnisleiki eldri iðkenda í þeim sal og koma í veg fyrir að fella þurfi niður æfingar þriggja flokka sem eiga æfingatíma í stóra salnum í Ásgarði sem myndi auka nýtingu okkar í starfinu og á salnum til muna.

Treysti ég því að það sé einróma álit okkar allra sem koma að aðstöðu- og búnaðarmálum íþróttamannvirkja Garðabæjar að þessi dæmi sem lýst hafa verið hér að ofan og verið farið yfir nánar í samtölum við íþróttafulltrúa og formann ÍTG séu ekki ásættanleg fyrir þjónustu Garðabæjar og Stjörnunnar til bæjarbúa og iðkenda.


### 3. Ljósabúnaður á vallarsvæði.

Undanfarin ár hefur borið töluvert af kvörtunum frá nágrönnum vallarsvæðis Stjörnunnar vegna ljósanotkunar þegar engar æfingar eru í gangi. Í þessum tilfellum er um að ræða að hefðbundin stundatafla hefur riðlast vegna leikja og klukkutíma gat myndast milli æfingatíma á æfingavöllum. Það sem fæstir sem ekki starfa á vellinum gera sér grein fyrir að þar sem um gömul ljós er að ræða þá er ekki hægt að slökkva á ljósunum og kveikja á þeim strax aftur þar sem kerfið þarf langan tíma til að kæla sig og svo aftur tíma til að hita sig upp aftur fyrir lýsingu. Með tilkomu Led lýsingar er komin tækni þar sem hægt er að stýra lýsingu mun betur sem einnig stuðlar að orkusparnaði. Því rafmagnskostnaður Led lýsingar er einnig markfalt ódýrari en sú lýsing sem í dag er á vallarsvæði félagsins.

Er það von forsvarsmanna Stjörnunnar að beiðni þessi sé íþróttafulltrúa Garðabæjar til stuðnings í samtali sínu við bæjarráð og forsvarsmenn Garðabæjar. Það er einlægur vilji okkar að Stjarnan og Garðabær séu öðrum sveitarfélögum og íþróttafélögum framar í þessum efnum líkt og í svo mörgum öðrum málefnum. Þá er mikilvægt að við sofum ekki á verðinum og aukum fjármagn í þessa liði samhliða vexti bæjarfélagsins og auknu álagi á íþróttamannvirki.

Virðingarfyllt,  
f.h. UMF Stjörnunnar

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar



Ása Inga Þorsteinsdóttir